

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1989

9. mars 1989

243

Nr. 106

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Breiðdalsvík árið 1989.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir undanþágu til hundahalds á Breiðdalsvík, sbr. samþykkt um hundahald í Breiðdalsvík nr. 369/1988, skal vera kr. 500 á mánuði á árinu 1989. Gjaldið skal greitt í einu lagi með gjalddaga 1. mars og eindaga 1. maí 1989 eða fyrirfram við skráningu hunds.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

1. mars 1989

Nr. 107

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund skv. samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs nr. 257/1988 verður kr. 450 á mánuði fyrir árið 1989. Skal gjaldið greitt í einu lagi með gjalddaga 1. mars.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.